

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	20.10.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Íslenska Kalkþörungafélagið	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hafnargata 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Sveinn Ólafsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Stig Randal	Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram en engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Íslenska kalkþörungafélagið ehf. framleiðir kalkafurðir til útflutnings úr setlögum kalkþörungum sem dælt er upp af hafsbotni í Arnarfirði. Setlögin eru hörpuð og flokkuð og flutt inn í þurrkara. Eftir þurrkun eru smásteinar flokkaðir frá og hluti framleiðslunnar er settur á stórsekki til útflutnings en hluti fer í gegnum kvörn til framleiðslu á kalkdufti. Hluti framleiðslunnar fer í dýrafóður og er bættur með magnesíum, en kalk sem ætlað er til vatnshreinsunar fer beint í stórsekki. Eins er hluti framleiðslunnar kornaður. Megnið af framleiðslunni er fluttur á erlendan markað. Framleiðslan er um 50.000 tonn á ári. Verksmiðjan er öllu jafna keyrð allan sólarhringinn og var í gangi þegar eftirlitið fór fram. Afköst verksmiðjunnar eru um 10 tonn á klst.

Sest var niður með Einari Sveini Ólafssyni og Stig Randal en Stig tekur við af Einari sem verksmiðjustjóri um næstu áramót.

Dagskrá eftirlits

Fundur

1. Farið yfir frávik og athugasemdir (ábendingar) síðustu ára
2. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi

Skoðun

3. Gengið um verksmiðjuna.

1.a Ryk í útblæstri

Ryk hefur verið vandamál síðustu ár. Kröfur í starfsleyfi kveða á um afsog af rykupsprettum og setja losunarmörk við 20 mg/Nm³. Tveir þurrkarar eru í verksmiðjunni og er rykmengun há þegar gamli þurrkarinn er í notkun en hann hefur verið settur í gang þegar bilanir verða í nýja þurrkaranum. Mælingar sýna að hægt er að halda ryki í útblæstri frá strompi undir tilskildum losunarmörkum séu hreinsikerfi í góðu lagi.

Niðurstöður mælinga á ryki frá verksmiðjunni þegar nýji þurrkarinn er í notkun frá því í maí 2015 gáfu rykmagn upp á 18,3 mg/Nm³ og í desember 2016 mældist ryk 8,0 mg/Nm³. Umhverfisstofnun lét líka mæla ryk í verksmiðjunni í desember 2016 og mældist ryk vera 23,7 (+/- 15%). Óvissa í sýnatöku og mælingaraðferð setja þessa mælingu alveg við losunarmörk í starfsleyfi. Mæling rekstraraðila frá apríl 2017 gefur niðurstöðu upp á 0,0 mg/Nm³. Í júlí sl. mældist ryk í útblæstri vera 28,2 mg/Nm³, og næsta mæling er fyrirhuguð um miðjan nóvember nk. Enn er ryk að mælast yfir losunarmörkum í starfsleyfi og því er enn skráð frávik við ryk frá verksmiðjunni.

Gamli þurrkarinn er ekki nothæfur í verksmiðju þar sem losunarmörk eru sett við 20 mg/Nm³. Breyta þarf þurrkaranum eða hreinsikerfinu áður en hann verður aftur tekinn í notkun.

Hreinsikerfi verksmiðjunnar samanstendur bæði af pokasíum og eins vatnsúðapvotti (scrubber) í skorsteini. Vatnsskortur hefur staðið vatnsúðakerfinu fyrir þrífum en rekstraraðili fullyrti að breytingar á kerfinu spari mikið vatn og kerfið virki nú eins og best verður á kosið. Eins hefur lokað vacuum-flutningskerfi fyrir hráefni komið í stað snigla sem stuðluðu að ryki.

1.b Svifefni í frárennsli verksmiðjunnar

Í starfsleyfi eru kröfur um að styrkukning svifefna í mælipunktum í sjónum framan við setþróna sé minni en 2 mg/l. Mælingar sem eftirlitsaðila hafa borist sína heildarmagn svifefna í sjósýnum en ekki styrkukningu. Í eftirlitinu var farið fram á að gögnum sem sína styrkukningu yrði skilað til Umhverfisstofnunar. Beðið verður eftir niðurstöðum þeirra mælinga.

1.c Hávaði / hljóðmælingar

Margar kvartanir bárust árlega yfir hávaða frá verksmiðjunni en þær eru nú hættar að berast. Engin hávaðakvörtun hefur borist eftirlitsaðila á yfirstandandi ári. Verksmiðjan er við höfnina í miðjum bænum og fleiri stór fyrirtæki á hafnarsvæðinu. Búið er að skipta út sniglum í flutningskerfinu innanhúss og setja í staðinn vacuum-(sugu)kerfi. Með þessu tókst að stoppa hátíðni ískurhljóð sem kvartað hefur verið undan. Fylgst er með hávaða með tíðum mælingum

og hefur verið bætt við skermingum við hávaðauppsprettur. Fyrirtækið hefur keypt lóðina við Strandgötu 2 á Bíldudal og hyggst byggja yfir vörulager sinn. Við það lokast líka á hljóðuppsprettur þar sem með tilkomu nýja hússins færast umferð lyftara inn í hús og skemman virkar líka sem skerming í átt að íbúabyggðinni.

1.d Framleiðsla á fóðri og segulsandi

Í eftirliti ársins 2015 var gerð athugasemd við framleiðslu á afurðum sem ekki eru tilgreindar í starfsleyfi rekstraraðila. Rekstraraðili hefur gert grein fyrir máli sínu og hefur í umsókn um nýtt starfsleyfi farið fram á að þessi efni séu tilgreind. Fóðurframleiðslan er magnesíumbætt kalk sem framleitt hefur verið í verksmiðjunni frá upphafi. Segulsandur er aukaafurð sem myndast í framleiðsluferlinu en árið 2013 var segli komið fyrir í framleiðslulínunni sem tekur óæskileg efni úr framleiðslunni. Þetta eru því kalkafurðir og verður ekki eftirfylgni vegna þessa.

1.e Varp í hafið

Rekstraraðili sótti um leyfi til þess að varpa efni í hafið í og við Arnarfjörð til þess að létta á og minnka efni í setþró verksmiðjunnar. Þetta er gert m.a. í þeim tilgangi að minnka eða koma í veg fyrir að uppleyst setefni flæði í sjóinn þegar dæluskip kemur að landi og dælir nýju hráefni í þróna. Kvartað hafði verið yfir því að sjór væri mjólkurlitaður vegna mikilla svífefna sem flæða yfir bakka þróarinnar þegar hún er fyllt af nýju hráefni af botn Arnarfjarðar. Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila leyfi til varps í hafið á fínefnum úr setlóni verksmiðjunnar alls 6900 m³. Verkið hófst í júlí 2016 og alls hefur 3860 m³ verið varpað í hafið út af Kópsnesi.

2.

Farið var yfir kröfur í starfsleyfi og

a) hefur rekstraraðili komið sér upp öllum tilskildum áætlunum.

b) Skýrslur hafa skilað sér, en skýrsla um útstreymisbókhald barst þó ekki fyrr en 11. júlí sl. en á sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald að skila fyrir 1. maí ár hvert. Sein skil eru frávik frá kröfum í starfsleyfi en skýrslan hefur nú skilað sér og verður því engin eftirfylgni vegna þessa.

c) Kröfur um skráningar eru í greinum 2.5 og 3.2 í starfsleyfinu og snúa að skráningum á úrgangi og skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum í mengunarvarnarbúnaði ásamt því að skrá mengunaróhöpp, skrá niðurstöður mælinga á losun frá verksmiðjunni og skrá niðurstöður hávaðamælinga ásamt skráningum á efnainnihaldi hráefnis og eldsneytis. Úrgangur er flokkaður í verksmiðjunni og er endurvinnanlegur úrgangur sóttur af Gámaþjónustunni. Rekstraraðili heldur til haga skýrslum verktaka og annarra mælingaraðila en eftirlitaðili benti á hagræði af því að hafa allar skráningar sem krafa er um í starfsleyfi á sama stað.

d) Farið var yfir kröfur um tilkynningar.

3.

Farið var í skoðun á verksmiðjunni og annarri aðstöðu á lóð hennar. Gengið var um verksmiðjuna og byrjað á hráefnahaugum, framhjá forvinnslu og hörpun hráefnisins, síðan hjá hráefnissíló (15 tonn) og færriböndum sem flytja hráefni inn í þurrkarann. Við þurrkarann var skoðað hreinsivirki með pokasíum og sigti sem aðskilja smásteina úr framleiðslulínunni. Skoðað var nýtt flutningskerfi innanhúss og aðstaða til geymslu, vinnslu og þökkunar á framleiðslunni. Ný viðbygging við Hafnargötu 4 verður á lóðinni Strandgata 2 og verður innangengt í önnur hús verksmiðjunnar. Færast lager verksmiðjunnar að stóru leiti inn. Setþró og hráefnahaugar verða áfram utandyra.

Frávik frá

ákvæði í grein 2.1 í starfsleyfi

Lýsing á frávikum

Rykmagn í útblásturslofti mældist í júlí 2017 vera 28,2 mg/Nm³. Rykmagn er yfir losunarmörkum í starfsleyfi.

ákvæði í grein 3.4 í starfsleyfi

Sbr. 2. grein reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald skal skila útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhald barst 11. júlí sl. og því verður engin eftirfylgni vegna þessa.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð.

ANNAÐ

Kvörtunum hefur fækkað vegna ryks, hávaða og ásýndar enda er stöðugt unnið að endurbótum á verksmiðjunni. Bilanir í mengunarvarnarbúnaði eru tilkynntar til eftirlitsaðila og verksmiðjan hefur verið keyrð niður á meðan viðgerð hefur staðið.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.12.2017



Gottskálk Friðgeirsson